

EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

Dags. eftirlits: 21/6-24/6 2017

Nafn fyrirtækis: Landsnet

Fjöldi klst: 29

Framkvæmdasvæði: Kröflulína

Tengiliður fyrirtækis: Þórarinn Bjarnason

Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Samráð um legu línuvegjar, draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og frágangur vinnusvæða, sbr. samning um sérstakt eftirlit Umhverfisstofnunar með framkvæmdum Landsnets vegna framkvæmda við Þeistareykjalínu 1 og Kröflulínu 4, og sbr. álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Staða verks: Settur úr línuvegur frá mastri 3 að mastri 15. 24/6 er lokið við að leggja vega að möstrum 3 – 10.

Ábendingar: Við möstur 5 og m-6 eru gamlar gryfjur sem æskilegt er að ganga frá unnt er að nýta hluta uppmoksturs til slóðagerðar og moka umframefni í gryfjurnar. M-3 til M-4 var farið um gróðurlítið land og fylgt farvegi að M-4 í brekkurótum.

Í Leirhnjúkshrauni var leið að m-8 valin með fram hraunjaðri og eftir hrauni á um 100 m löngum kafla. Leið að m-9 er frá slóð að borplani og um slétt hraun. Lögð var áhersla á keyra efni í hraunið þar sem það er sléttast og taka ekki skeringar í hraunið.

Að m-10 var farin samskonar leið og að m-9, en frá m-10 er farið í gegnum hraun að m-15 sem er í jaðri hraunsins. Þessi hluti línunnar liggur alfarið um óraskað hraun. Lögð áhersla á að leggja veginn í lægðir og forðast skeringar eins og kostur er. Sneiða hjá eitlum og klettum og reyna að láta yfirborð hraunsins ráða legu vegarins.

Frávik: Í ljósi reynslunnar ætti að huga að því í tíma hvernig framkvæmdaaðili ætlar að koma fyrir jarðskautum þar sem línuvegurinn er lagður á slétt hraun.

Niðurstaða eftirlits: Frágangi er ekki lokið á svæðinu við m-3 til m-7. Umgengni verktaka er mjög góð og til fyrirmyndar að láta bíla bakka langar leiðir í stað þess að gera auka plön.

Fylgiskjöl:

Björn Stefánsson

f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.